

REGLUGERÐ**um breyting á reglum um ferðakostnað sjúklinga innanlands
nr. 70/ 1982, með síðari breytingum.**

1. gr.

4. gr. orðist svo:

Endurgreiðsla sjúkrasamlaga.

Sjúklingur skal framvísa læknisvottorði eftir hverja ferð. Eftir að önnur ferðin er farin endurgreiðir sjúkrasamlag fyrstu ferð að frádregnum 400 krónum en síðari ferðir að frádregnum 200 krónum. Til endurgreiðslu reiknast fargjald eins og það er með venjulegum áætlunarferðum á hverjum tíma. Ef ætla má, að raunverulegur ferðakostnaður sé lægri, skal miða við hann.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar til að öðlast gildi 1. október 1983. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 72/1983.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. september 1983.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

14. september 1983

Nr. 632

REGLUR**um eftirlitsgjald vegna lyfjaeftirlits fyrir árið 1983.**

1. gr.

Gjald það, sem lyfsölu, lyfjagerðum, lyfjaheildsölum og héraðslæknum ber að greiða fyrir árið 1983, vegna lyfjaeftirlits skv. 52. og 53. gr. lyfjalaga nr. 49 16. maí 1978 skal vera sem hér segir:

	kr.
I. flokkur	9 670,00
II. flokkur	8 170,00
III. flokkur	6 800,00
IV. flokkur	4 800,00
V. flokkur	3 600,00

2. gr.

Lyfjabúðum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjaldsins, sem hér segir:

I. flokkur:
Keflavíkur Apótek
Lyfjabúðin Iðunn
Reykjavíkur Apótek

II. flokkur:
Hafnarfjarðar Apótek
Holts Apótek
Ingólfs Apótek
Laugavegs Apótek
Stjörnu Apótek
Vesturbæjar Apótek